

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 80/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Daníel Gunnari Ingimundarsyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1993 að ósk ákærða til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Staðfesta ber, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að við ákvörðun refsingar eigi að hafa hliðsjón af sakaferli hans og að hann hafi með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar 3. maí 1992 á eftirstöðvum refsivistar, 60 dögum. Rétt er því að ákvarða refsingu hans með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, og 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Tiltaka ber refsingu samkvæmt 77. gr. laga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Daníel Gunnar Ingimundarson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. janúar 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Auðbrekku 10, Kópavogi, af Benedikt Bogasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-115/1992: Ákærvaldið gegn Daníel Gunnari Ingimundarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru, út gefinni 1. desember 1992 af sýslumanninum í Kópavogi, gegn Daníel Gunnari Ingimundarsyni, kt. 211069-5709, Kársnesbraut 72, Kópavogi, „fyrir að aka síðdegis mánudaginn 16. nóvember 1992, sviptur ökuréttindum ævilangt, rauðri, númerslausri Ford Cortina-fólksbifreið frá Kársnesbraut 72 í Kópavogi og vestur Vesturvör, uns lögregla stöðvaði aksturinn við Siglingaklúbb Kópavogs í Vesturvör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið fjóra refsisdóma og gengist undir fimm dómsáttir fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum. Þar af hefur hann þrívægis gengist undir dómsátt og tvívægis hlotið dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samanlögð refsivist ákærða nemur 8 mánaða fangelsi og 50 daga varðhaldi.

Ákærða var 3. maí 1992 veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsivistar, 60 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við ákvörðun refsingar ákærða verður að hafa hliðsjón af sakaverli hans og að hann hefur með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, sem hann hlaut. Ber því að ákvarða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Daníel Gunnar Ingimundarson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.